



Borgarráð

Reykjavík, 16. desember 2024

MSS24090075

Tillögur starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkurmaraþons um breytingar á hlaupaleiðum Reykjavíkurmaraþons og dagskrá Menningarnætur 2025

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkurmaraþons um breytingar á hlaupaleiðum Reykjavíkurmaraþons og dagskrá Menningarnætur 2025.

Starfshópnum var falið að kanna hvort ástæða væri til að endurskoða fyrirkomulag hátíðarhalds í miðborg Reykjavíkur fyrsta laugardag eftir 18. ágúst, afmælisdag Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni hópsins voru að greina vinnu starfsfólks Reykjavíkurborgar og helstu samstarfsaðila í tengslum við viðburðahald á Menningarnótt og Reykjavíkurmaraþon og greina kosti og galla við að halda þessa stóru viðburði sama dag.

Tillögur hópsins eru að líta annars vegar til næsta árs og í framhaldi að skoða viðburðahald í miðborginni til framtíðar, þar með talið Menningarnótt og Reykjavíkurmaraþon. Ekki eru lagðar til breytingar á dagsetningu hátíðanna.

Tillögur fyrir árið 2025:

- Að hlaupaleiðum Reykjavíkurmaraþonsins verði breytt. Endamarkið verði fært frá Lækjargötu yfir í Geirsgötu til að auðvelda flæði fólks um Lækjargötu og takmarka umferð þungavinnuvéla sem fylgja frágangi hlaupsins.
- Að skemmtiskokk verði fært úr Þingholtunum í Gamla vesturbæinn til að létta á flóknun götulokunum í Þingholtunum, þar sem einnig eru götulokanir vegna Menningarnætur dagskrár, og auka öryggi almennings og lágmarka óþægindi íbúa í tengslum við aðgengi.
- Að dagskrá Menningarnætur ljúki formlega klukkustund fyrr en áður. Tónleikar við Arnarhól skuli ljúka með flugeldasýningu kl. 22.00 í stað 23.00.
- Að í aðdraganda hátíðarhaldanna verði farið í herferð þar sem forvarnaskilaboðum verður komið vel á framfæri.
- Að lagt verði til aukið fjármagn til gæslu og í kynningar sem lið í forvarnarstarfi.

Í framhaldi er lagt er til að stofnaður verði starfshópur til að skoða framtíðarfyrirkomulag viðburða í miðborg Reykjavíkur með tilliti til öryggismála, Borgarlínu og annarra skipulagsmála. Lagðar verða skýrar línur um hvernig viðburðahald fer fram í miðborginni, hvernig hægt er viðhalda áhugaverðu menningarlífi í borginni en á sama tíma gæti fyllsta öryggis íbúa og framtíðarsýn mótuð.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri



Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons ásamt fylgiskjöllum.



Skýrsla starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkurmaraþons



Starfshópur um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons

Starfshópur

Menningarnótt er afmælishátíð Reykjavíkurborgar, hátíðin er alltaf haldin fyrsta laugardag eftir 18. ágúst en þann dag árið 1786 fékk Reykjavíkurborg kaupstaðarréttindi. Menningarnótt var haldin í fyrsta sinn árið 1996 og hefur frá upphafi skipað mikilvægan sess í viðburðahaldi í borginni þar sem listafólk, menningarstofnanir, íbúar og rekstraraðilar fá tækifæri til að bjóða til veislu í miðborginni. Menningarnótt hefur haft mikið aðdráttarafl og yfirleitt farið vel fram. Mikil áhersla hefur ávallt verið lögð á að Menningarnótt sé fjölskylduhátíð og fjölskyldur hvattar til að njóta alls sem hún hefur að bjóða og að fara svo heim saman eftir að dagskrá lýkur. Undanfarin ár hefur hins vegar borið á því að sífellt fleiri unglingar eru í miðborginni þennan dag án eftirlits og þá hefur áfengisdrykkja unglunga einnig færost í aukanna undanfarin ár. Reykjavíkumaraþon var stofnað 1984 en hefur frá 2003 verið í umsjón Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR). Reykjavíkumaraþon hefur vaxið gríðarlega að umfangi, í fyrsta hlaupinu voru 214 skráðir þátttakendur en í ár voru þeir 14.646. Þessir tveir risa viðburðir hafa dregið að mikinn fjölda fólks í miðborginni. Um leið og talsverð samlegðaráhrif eru af þessum tveimur viðburðum eru merki um að þeir eru farnir að skarast því Menningarnótt er farin að hefjast fyrr á sama tíma og aukin þátttaka í Reykjavíkumaraþoni veldur því að sértækar lokanir standa lengur yfir en áður sem bæði krefst mikils eftirlits frá viðbragðsaðilum og hefur áhrif á umferð og aðgengi. Full ástæða er til að endurskoða skipulagningu beggja viðburða í ljósi þess álags sem það hefur á viðbragðsaðila og starfsfólk borgarinnar að sinna öryggi og eftirliti á tveimur flóknum borgarviðburðum sama sólarhringinn. Þá er nauðsynlegt að fara ofan í skipulag Menningarnætur þar sem hugað verður að því að hún sé örugg fjölskylduhátíð.

Hlutverk starfshópsins

Að endurskoða skipulag hátíðahalds í miðborg Reykjavíkur fyrsta laugardag eftir 18. ágúst, afmælisdag Reykjavíkurborgar. Greina fyrirkomulag og vinnu í tengslum við stóran íþróttaviðburð og stærstu menningarhátíð landsins. Koma með kostnaðarmetnar tillögur um breytt fyrirkomulag og greina kosti og galla við þær.

Helstu verkefni/viðfangsefni

- Greina vinnu starfsfólks Reykjavíkurborgar og helstu samstarfsaðila í tengslum við viðburðahald á Menningarnótt og Reykjavíkumaraþon.
- Fara yfir skipulag og dagskrá Menningarnætur og leggja til breytingar ef við á.





- Greina kosti og galla við að halda þessar tvær stóru hátíðir sama dag.
- Skoða breytingar á hátíðum og stilla upp öðrum tillögum um fyrirkomulag hátíðahaldanna ásamt greiningu á kostum og göllum.

Fólkið

Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, samskiptastjóri, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, formaður

Arnfríður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgar, menningar- og íþróttasviði

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi, velferðarsviði

Hafsteinn Viktorsson, deildarstjóri, umhverfis- og skipulagssviði

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála, skóla- og frístundasviði

Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur

Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðstoðarlögreglustjóri, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Brynjar Þór Friðriksson, deildarstjóri, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins var Björg Jónsdóttir, deildarstjóri viðburða skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfshópurinn leitaði að auki ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok árs 2024

Verkefnið

Stuttur starfstími hópsins kemur til af því að undirbúningur viðburða stendur yfir allt árið, og í tilfalli Reykjavíkumaraþons er dagsetning næsta hlaups kynnt með meira en árs fyrirvara og þarf að kynna allar mögulegar breytingar vel fyrir þátttakendum og öðrum hagaðilum. Einnig er áriðandi að bregðast við þeirri þróun að fleiri eftirlitslausir unglingar safnast saman í miðborginni á þessum degi, mörg hver undir áhrifum áfengis. Þá hafa aukist átök milli unglingshópa.



Mikilvægt er að skapa viðbragðsaðilum svigrúm til að bregðast við. Ekki síður mikilvægt er þó að efla forvarnastarf og forvarnarskilaboð til bæði foreldra og unglinga. Þá er vert að skoða uppsetningu og innihald dagskrár Menningarnætur með tilliti til þessarar þróunar.

Hópurinn sem skipaður var í lok september tók strax til starfa og fundaði fjórum sinnum en samhliða var unnið áfram með afmörkuð verkefni í smærri hópum. Markmið vinnu þessa starfshóps er að tryggja framtíð Reykjavíkumaraþons og Menningarnætur sem mikilvægra þátttökuhátíða í Reykjavík með því að hlúa að grunni þeirra, lýðheilsu og menningu, en hvorutveggja eru lykiltríði í borg þar sem gott er að lifa og starfa.

Fljótlega var ljóst að mikil samstaða var um að breyta hlaupaleiðum til að minnka álag á ákveðin svæði í miðborginni og að skoða styttingu á kvölddagskrá. Unnið var með nokkrar tillögur sem allar miðuðu að því að færa hlaupið frá Lækjargötu og að draga úr vægi Þingholtanna. Á undanförunum árum hefur dagskrá Menningarnætur hafist fyrr um daginn samhliða því að sífellt fleiri hlauparar taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu. Það veldur því að Lækjargata er enn lokuð þegar fólk tekur að flykkjast í miðborgina til að njóta menningardagskrárinnar sem veldur því að flæði í miðborginni er erfitt. Þá er mikið af gangandi vegfarendum á ferli í miðborginni þegar starfsfólk borgarinnar fjarlægir þungar umferðalokanir með stórum vinnuvélum sem er ekki ákjósanlegt með tilliti til öryggismála.

Mikil samstaða var í hópnum um að auka öryggi borgarbúa og annarra gesta á báðum hátíðum – hlaupahátíðinni Reykjavíkumaraþon og Menningarnótt, afmælishátíð Reykjavíkurborgar. Unnið var að því að skoða hvernig hægt er að draga úr álagi á viðbragðsaðila og starfsfólk Reykjavíkurborgar, meðal annars með því að breyta hlaupaleiðum Reykjavíkumaraþons og velta fyrir sér mögulegum breytingum á kvölddagskrá.

Menningarnótt er fjölskylduhátíð sem byggir á þátttöku borgarbúa sem taka þátt í fjölbreyttri dagskrá með framboði á listviðburðum um alla miðborgina. Kvölddagskrá í Hljómskálagarðinum og við Arnarhól er skipulögð í samstarfi við Bylgjuna og Rás 2. Starfshópurinn ræddi og skoðaði breytingar á kvölddagskránni og flugeldasýningunni sem markar endalok formlegra hátíðahalda á vegum Reykjavíkurborgar. Starfsfólk borgarinnar úr frístunda- og velferðapjónustu sem vinnur að forvarnarmálum hefur lýst því að vandamál tengd unglindrykkju og slagsmálum unglinga aukast þegar líður á kvöldið og í því samhengi mikils vert að skoða að færa lok hátíðarinnar fram. Skoðaðar voru leiðir til að breyta dagskránni og búa til sérstakt svæði fyrir unglinga þar sem hægt væri að vera með aukna öryggisgæslu en fallið var frá þeim hugmyndum eftir leitað var eftir ráðgjöf hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar og nágrannasveitarfélögum sem mesta þekkingu hafa á málaflokknum. Þá var kynnt vinna sem þegar er í gangi um að snúa við þróun í átt að aukinni neyslu unglinga á áfengi og öðrum vímuefnum og auknu ofbeldi ungmenna. Til viðbótar var hópurinn upplýstur um það að nýr starfsmaður var ráðinn til skóla- og frístundasviðs sem hefur það hlutverk að sjá um að bæta samskipti og samráð við foreldra barna og unglinga. Tillögum starfshópsins er ætlað að styðja við þá vinnu.



Tillögur starfshópsins

Reykjavíkumaraþon

Lagt er til að hlaupaleiðum Reykjavíkumaraþons verði breytt með eftirfarandi hætti:

Endamark fyrir maraþonið og hálfmaraþonið færast frá Lækjargötu yfir í Geirsgötu. Upphaf hlaupanna verður eins og áður við Sóleyjargötu. Sumir munu þurfa að sækja eigur sínar í Hljómskálagarðinn eftir að hlaupi lýkur en búist er við að flæði fólks verði þægilegra þegar Lækjargatan verður opin fyrir gangandi vegfarendur. Hægt er að nýta Arnarhól sem samkomusvæði fyrir þátttakendur og stuðningsfólk eftir hlauplok.


Skemmtiskokk færast úr Þingholtunum í Gamla vesturbæinn. Með þessu færast þungar og oft flóknar götulokanir úr Þingholtunum en eftir sem áður verða harðar lokanir á Laugavegi og nágiggjandi götum vegna Menningarnætur dagskrár. Flóknar götulokanir með mismunandi tímasettum lokunum og opnunum í Þingholtunum munu þannig heyra sögunni til. Með því að færa skemmtiskokk í Gamla vesturbæinn helst tengingin við miðborgina en þar verða götulokanir í tiltölulega stuttan tíma.

Mynd 1 sýnir hvernig hlaupaleiðir fyrir hálfmaraþon, maraþon og 10 kílómetra hlaup koma í mark í Geirsgötu. Fólk sem tekur þátt í lengri hlaupunum mun fara af Sæbraut framhjá Hörpu og meðfram höfnina. Þau sem hlaupa 10 kílómetra eða taka þátt í skemmtiskokki koma í mark úr vestri frá Mýrargötu/Tryggvagötu.






Mynd 2 sýnir hvernig þau sem hlaupa hálfmaraþon og maraþon koma í yfir á Sæbraut. Búist er við að þessar lokanir muni einungis standa yfir til um klukkan 11:30.






Myndir 3 og 4 sýna hugmyndir að leiðum fyrir skemmtiskokk, styttri og lengri leið.

Mynd 3






Mynd 4





Vegna breytinga á endamarki er nauðsynlegt að snúa leiðum hálfmaraþons og maraþons á Sæbraut og fara öfugan hring miðað við það sem hefur verið gert undanfarin ár. Þetta mun þýða lengri lokun á Sæbrautinni en verið hefur, væntanlega til um klukkan 14:00.

Mynd 5 sýnir leið fyrir maraþonhlaupið frá Sæbraut yfir að Hlíðarenda. Þá myndi maraþonið fara öfugan hring um austurborgina miðað við það sem hefur verið og enda með því að fara um Sæbraut.





Dagskrá Menningarnætur

Lagt er til að formlegri dagskrá Menningarnætur ljúki klukkustund fyrir en áður, eða klukkan 22:00 í stað klukkan 23:00. Gert er ráð fyrir að hátíðinni ljúki með flugeldasýningu. Þá verður hugað að því að auka framboð á viðburðum sem hefjast fyrir um daginn til að gera dagskrána enn fjölskylduvænni. Ennfremur verður leitað eftir samstarfi við fulltrúa ungs fólks varðandi framboð á viðburðum á fyrri hluta kvölds.

Forvarnastarf

Lagt er til að stutt verði við þá vinnu sem þegar er í gangi í tengslum við forvarnastarf í eldri bekkjum grunnskóla og unnið áfram með nágrennasveitarfélögum. Þá verði bæði farið í forvarnarherferð á vegum Reykjavíkurborgar og stutt við hópa svo sem Saman hópinn, sem hefur unnið ötullega að hvetja til aukinnar samveru foreldra og barna og unglinga. Einnig verði aukið við öryggisgæslu seinni hluta dagskrár Menningarnætur.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður viðbótarkostnaður vegna aukinnar gæslu og fjölgun athvarfa á Menningarnótt er 8 milljónir króna.

Áætlaður kostnaður vegna forvarnaviðburða og kynningarefni og auglýsingum tengdum forvörnum er 7 milljónir króna.

Óskað er eftir viðbótarfjármagni til Menningarnætur að upphæð 15 mkr til gæslu- kynningar og forvarnarmála.

Framtíðarsýn

Menningarnótt hefur skipað sér mikilvægan sess í Reykjavíkurborg sem eins konar uppskeruhátíð menningarlífsins í borginni þar sem borgarbúar og gestir hafa tækifæri að njóta og taka þátt í listsköpun af margvíslegu tagi. Þetta er einstök hátíð í einstakri borg.

Lagt er til að þær breytingar sem lagðar eru til verði metnar strax að loknum hátíðahöldunum í ágúst á næsta ári. Þau sem koma að skipulagningu og viðburðahaldi Menningarnætur, þar með taldir viðbragðsaðilar og aðrir samstarfsaðilar Reykjavíkurborgar koma ávallt saman að hátíð lokinni og fara yfir það sem vel tókst til og það sem betur mætti fara.





Vert er að taka fram að þær breytingar sem lagðar eru til að verði á næsta ári mun ekki áhrif né muni minnka það álag sem er á lögreglunni og starfsfólki borgarlandsins í tengslum við núverandi skipulag, en mikilvægt er að taka á því til lengri tíma.

Lærdómur af hverri hátíð hefur verið nýttur til að endurbæta hátíðina að ári. Nú er hins vegar verið að gera töluverðar breytingar á bæði Reykjavíkumaraþoninu og Menningarnótt og er því vert að fara í sérstaka skoðun á þeim breytingum með það í huga hvort þurfi að bregðast við. Með því er samt ekki verið að segja að þær breytingar sem starfshópurinn leggur til núna sé ætlað til eingöngu eins árs. Breytingar á hlaupaleiðum eru ekki einfaldar og kosta vinnu og mikla fyrirhöfn og tekið verður tillit til þess.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til að skoða framtíðarfyrirkomulag viðburða í miðborg Reykjavíkur með tilliti til öryggismála, Borgarlínu og annarra skipulagsmála. Lagðar verða skýrar línur um hvernig viðburðahald fer fram í miðborginni, hvernig hægt er viðhalda áhugaverðu menningarlífi í borginni en á sama tíma gæti fyllsta öryggis íbúa og framtíðarsýn mótuð.

Fylgiskjöl

Óskað var eftir minnisblöðum um hátíðahöldin á Menningarnótt frá fulltrúum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, fulltrúum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og forvarnarfulltrúa borgarinnar og Íþróttabandalagi Reykjavíkur og eru þau meðfylgjandi.



Menningarnætur og Reykjavíkurmaraþons Reykjavík, 29. nóvember 2024

Reykjavíkurborg - Starfshópur um endurskoðun á skipulagi

Efni: Minnisþingarvarðandi Reykjavíkurmaraþon og Menningarnótt.

1. Hlutverk LRH í mjög fáum orðum tengt þessum viðburðum er að tryggja sem best öryggi íbúa og gesta á Höfuðborgarsvæðinu og greiða götu þeirra. Þá er einnig hlutverk lögreglu að starfa með stjórnvöldum og stofnunum við verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu.
2. Þær hugmyndir sem hafa komið fram um breytingu á staðsetningu endamarks Reykjavíkurmaraþons eru jákvætt skref gagnvart umferð og öryggi íbúa og gesta á miðborgarsvæðinu. Þessar hugmyndir breyta þó engu um fjölda lögreglumanna LRH sem þarf til að tryggja öryggi viðburðarins. Það er einnig mat embættisins að ef það verður niðurstaðan til framtíðar að viðburðirnir fari fram sama dag verði hugað að frekari breytingum og horft t.d. í átt að Laugardals varðandi upphaf og lok viðburðar.
3. Að fá til vinnu nægan fjölda lögreglumanna til að vinna við Reykjavíkurmaraþon og Menningarnótt á sama degi er mikil áskorun fyrir LRH enda eru hvort tveggja mjög stórir viðburðir. Miðað við núverandi stærð embættis getur LRH bætt óverulegu ef nokkru við þann fjölda lögreglumanna sem hafa starfað við þessa viðburði miðað við óbreytt fyrirkomulag. Ef viðburðirnir væru á sömu helgi en sinn hvorn daginn, Reykjavíkurmaraþon á laugardegi og Menningarnótt á sunnudegi (ekki á hinn veginn) eða ekki á sömu helgi væri hægt að auka talsvert við fjölda lögreglumanna á báðum viðburðum.
4. Áhyggjur LRH varðandi Menningarnótt tengjast einnig tímasetningu á dagskrárlökum hátíðarinnar. Það er mat LRH að dagskrárlök ættu að miðast við að gestir hátíðarinnar væru komnir úr miðborginni á meðan bjart er en mikil áhætta er fólgin í því að 100.000+ gestir hátíðarinnar í alls konar ástandi séu á hreyfingu gangandi og/eða á alls kyns farartækjum á sama tíma í myrkri. Tölur sýna að sólsetur er um 21:00 og myrkur komið um 22:00 síðari hluta ágústmánaðar þannig að sú breyting sem hefur verið til umræðu að dagskrárlök séu 22:00 gengur of stutt að mati embættisins.
5. Þá má velta vöngum yfir því hvor Menningarnótt á sunnudegi væri með annan brag en á laugardegi og er þá átt m.a. við neyslu vímugjafa allra aldurshópa.

Virðingarfyllst,
Ásgeir Þór Ásgeirsson
aðstoðarlögreglustjóri.

TRAUST - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Hverfisgata 115 - 105 Reykjavík - Sími: 444 1000



Minnisblað

Verk-/málefni: Vinnuhópur um breytingar á Menningarnótt og Reykjavíkurmaraþoni des, 2024
Unnið af: Brynjar Þór Friðriksson
Unnið fyrir: Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Dags.: 04.12.2024

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) leggur upp með að vinnuhópurinn horfi til þess að verið sé að gera breytingar til þess að auka öryggi borgara á þessum tveim viðburðum og minnka óþægindi íbúa á svæðinu eins og hægt er.

Breytingar á Reykjavíkurmaraþoni ættu að miða að auknu öryggi þátttakenda og áhorfenda. Hluti að því snýr að mögulegri aðkomu SHS með sjúkraþjónustu að hlaupinu og marksvæðinu. Aðkoma sjúkrabíls að marksvæði undafarin ár hefur verið er erfið og þarfa að huga að því í breytingum.

Götulokanir með þungum lokunum eru þarfar til þess að tryggja öryggi en þær lengja viðbragsðátíma viðbragðsaðila. Sama gildir um lokanir á helstu umferðaræðum eins og Sæbraut og Hringbraut. Ef það er hægt að minnka lokunarsvæði og stytta lokunartíma þá minnkar það tafir í viðbragði. Síðan má nefna sérstaklega Þingholtin, þar eru götur þröngar og við það að setja viðburði inn á það svæði, eins og hlaupaleiðir, þá verður það svæði illa aðgengilegt fyrir viðbragðsaðila.

Varðandi Menningarnótt þá hvetur SHS til þess að það verði horft áfram sérstaklega á að þetta sé fjölskylduhátíð. Horfið verði frá sérstökum skemmtunum fyrir unglina til þess að takmarka þau svæði sem þau safnast á. Að sérstaklega sé gætt að lýsingu og ef haldið verður áfram með flugeldasýningu að „borgarljós“ verði slökkt sem minnst og í sem stystan tíma. Að auki telur SHS vert að skoða hvort dagskrá gæti lokið fyrir um kvöldið og jafnvel þá dregið rólega úr henni í stað þess að hafa endapunkt þar sem allir ætla að flæða út af svæðinu á sama tíma.



Tillaga að breytingum á Menningarnótt 2025 með tilliti til unglunga

- Ljúka Menningarnótt kl 22:00 með afgerandi hætti, t.d. flugeldasýningu
- Taka fyrir útisölu á áfengi og minnka sýnileika áfengis á hátíðinni
- Auglýsa vel að Menningarnótt sé fjölskylduhátíð
- Gefa í varðandi forvarnarauglýsingar
 - Koma skilaboðum til foreldra um samveru foreldra og barna og að áfengisneysla og samvera með börnum eigi ekki saman
 - Athuga styrk til Samanhópsins (hefur ekki fengið styrk frá R í 2 ár)
 - Að Rvk setji fjármagn í auglýsingar sem beinast að foreldrum
 - Skoða möguleika á að senda skilaboð að vori til foreldra í gegnum Mentor og Innu og svo aftur við skólasetningu föstudaginn 22. ágúst
 - Fá aðstoð verkefnastjóra foreldrasamstarfs við að koma skilaboðum til foreldra
 - Fá fjölmiðlafulltrúa SFS og Vel til að gera PR plan með fjölmiðlafulltrúum Ráðhússins
- Leggja upp með fjölskylduvæna áherslu í öllum viðburðum, þannig að þeir höfði til barna, unglunga og fullorðinna, blandaðir viðburðir
- Fá unglunga með í að ákveða hvaða höfðar best til þeirra (dagskrá Bylgjutónleika og Rásar 2), þannig að þau geti verið með fjölskyldum sínum og hafa þau með í lausnaleyti til að fyrirbyggja þann vanda sem við höfum verið að sjá sl. ár.
- Aukin gæsla
 - Fleiri starfsmenn á vettvangi
 - Athvarf í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar
 - Etv athvarf á tveimur stöðum

Sem fjölskylduhátíð væri vænlegt að hafa Menningarnótt á sunnudegi og mætti hugsa það þannig til framtíðar.

Reykjavík, 25. nóvember 2024

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu SFS



Reykjavík



Minnisblað um breytingar á fyrirkomulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons

Samskipta- og viðburðateymi Reykjavíkurborgar

Lagt er til að kvölddagskrá ljúki klukkustund fyrir en verið hefur, eða klukkan 22:00.

- Flugeldasýning klukkan 22.00 og eftir að henni lýkur er dagskrá Menningarnætur hátíðar formlega lokið.
- Tónaflóð byrjar fyrir í samráði við Ríkisútvarpið.
- Aukin áhersla á viðburði fyrir um daginn en formlega hefst Menningarnótt kl. 12.00.
- Leitað eftir auknum stuðningi fyrir viðburðapott.

Aukinn stuðningur við forvarnarstarf og kynningarmál því tengdu.

- Óskað eftir auknum fjárheimildum til forvarnarátaks í aðdraganda hátíðar.
- Forvarnarskilaboð áberandi í auglýsingaefni fyrir hátíðina
- Skýra ferli og viðmið varðandi áfengissölu utanhúss (svo sem bjórkрана), í samráði við lögreglu og skrifstofu borgarstjórnar (leyfisveitanda)
- Skoða sérstaklega þau svæði þar sem unglingsöfnun er mikil í samstarfi við Flotann í samráð við starfsfólk skóla- og frístundasviðs og velferðasviðs

Til framtíðar leggur viðburðateymi til að vinna að því að viðburðirnir tv verði haldnir á mismunandi helgum. Fundin skal lausn í samráði við viðburðahaldara og viðbragðsaðila.

Hugmyndir um að þessir tveir stóru viðburðir í Reykjavík séu haldnir á mismunandi dögum eru tilkomnar til þess að draga úr álagi á starfsfólk Reykjavíkurborgar sem sér um að undirbúa borgarlandið fyrir hátíðahöldin. Unnið er frá klukkan 03:00 aðfaranótt laugardags og langt fram eftir á sunnudegi við uppsetningu, hreinsun og frágang. Að sama skapi liggur fyrir að álag á lögregluna á höfuðborgarsvæðinu er mikið þennan sólarhring og ekki mikið svigrúm til að bæta í mannskap. Með því að halda viðburðina á mismunandi dögum minnka álag á starfsfólk borgarinnar og viðbragðsaðila minnka en það skiptir máli hvaða tveir dagar yrðu fyrir valinu því tryggja þyrfti ágætt bil á milli þeirra til að raunverulegur ávinningur næðist.

Breytingar á hlaupaleiðum eins og lagðar eru til munu vissulega að miklu leyti draga eitthvað úr þyngslum verkefna hjá starfsfólki borgarinnar en ekki endilega úr mannskapsþörf. Þá munu breytingar auka öryggi borgarbúa og annarra gesta hátíðarinnar en ekki beint hafa áhrif á álag á lögreglu hvað mannskap varðar. Gott er að halda áfram með þessa vinnu og horfa lengra til framtíðar.

Núverandi tillaga á hlaupaleið maraþonsins.

Sú tillaga sem er verið að skoða og gengur út á að færa endamarkið úr Lækjargötu og á Geirsgötu við Miðbakka þýðir að engar hlaupaleiðir verða á Lækjargötu eða í Þingholtunum sem er mjög jákvætt þar sem að lokanir í Þingholtunum eru flóknar og mikið flækjustig í kringum þær. Þessi breyting myndi einnig hafa þær afleiðingar að hægt yrði að hafa stóran hluta Þingholtanna opinn fyrir umferð. Þó að þessi breyting sé jákvæð þá hefur hún sáralítill áhrif á álag á hverfastöðinni og hagræðing er ekki mjög mikil.

Framtíðarsýn

Þau atriði sem skrifstofa borgarlandsins horfði til við skoðun á framtíðarfyrirkomulagi Reykjavíkumaraþons og Menningarnætur voru: að íbúar verði fyrir sem minnstum óþægindum vegna götulokana og annars rasks tengt viðburðunum, ekki síst vegna þess að kröfur Ríkislögreglustjóra um götulokanir og öryggisaðgerðir hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár og ólíklegt að þeim kröfum verði ekki aflétt eins og staðan er í heimsmálum. Einnig var skoðað álag á starfsfólk, almenn hagræðing.

Skrifstofa borgarlandsins leggur til að Menningarnótt og Reykjavíkumaraþon verði slitið í sundur og haft hvor á sinni helginni og að hlaupið byrji og endi í Laugardalnum. Einnig leggur skrifstofa borgarlandsins til að þremur stærstu viðburðunum sumarsins, það er Reykjavík Pride, Reykjavíkumaraþon og Menningarnótt, verði dreift á tímabilið 15. júlí til 18. ágúst með tveimur vikum á milli viðburða sé það mögulegt.



Núverandi útfærsla að hafa MN og RM á sama degi er gríðarlega krefjandi fyrir starfsfólk borgarinnar. Vikan fyrir MN fer nær eingöngu í undirbúning fyrir hátíðina og er vanalega unnið að undirbúningi fram á kvöld bæði á fimmtudeginum og á föstudeginum. Aðfaranótt laugardags er mætt kl. þrjú um nóttina og unnið er á tvískiptum vöktun fram undir tvö aðfaranótt sunnudagsins. Síðan mætir hópur kl. fimm á sunnudagsmorgninum og vinnur að hreinsun miðbæjarins fram yfir hádegi. Samtals vinna um 90 starfsmenn Reykjavíkurborgar að Menningarnótt þessa helgi og um 50 verktakar, samtals skilar þessi hópur hátt í 200 dagsverkum þessa helgi. Það væri mikil hagræðing í því að skipta MN og RM á tvær helgar og álagið á starfsfólk hverfastöðvarinnar yrði mun skaplegra.

Götulokanir eru stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er vegna RM og þær valda mestum óþægindum fyrir íbúa. Kröfur Ríkislögreglustjóra varðandi götulokanir þar sem mikill mannfjöldi safnast saman eru síst að minnka. Laugardalurinn hefur þann kost að þar er mun rýmra en í miðbænum og maraþonið hefði mun meira pláss til að athafna sig en það hefur í dag í miðbænum. Laugardalurinn er miðsvæðis í borginni og mikið af bílastæðum á svæðinu. Dalurinn getur tekið á móti mikið af fólki og mjög auðvelt er að loka akleiðum inn í dalinn og tryggja þannig öryggi með lágmarks raski og óþægindum fyrir íbúa eða umferð almennt. Einnig er Laugardalurinn miðstöð íþróttaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu og auðvelt er að ímynda sér að hægt væri að nýta íþróttamannvirki eins og Laugardalslaugina, Laugardalsvöllinn og Laugardalshöllina til að gera viðburðinn að enn meiri og glæsilegri íþróttahátíð en hann er í dag.

Hugmyndir varðandi lausnir til að minnka árekstra Reykjavíkumaraþons og Menningarnætur

Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) hefur skoðað möguleika fyrir Reykjavíkumaraþon sem taka tillit til þeirra óska sem hafa komið fram um að vera ekki með endamark í Lækjargötu og vera ekki eða sem minnst í Þingholtum.

Vegna þess að undirbúningur er þegar hafinn fyrir næsta ár og öll plön hafa verið gerð miðað við óbreytt fyrirkomulag telur ÍBR æskilegast að halda óbreyttu endamarki í eitt ár en að akstur á stórum bílum með grindur, markbúnað og fleiri stærri hluti færi fram eftir að Menningarnótt lyki eða þegar fólkíð væri farið úr bænum. Gengið yrði frá grindum og öllu því sem hægt er að ganga frá án hættu við gesti Menningarnætur en það yrði sótt seinna. Gæsla yrði þá við endamarkið yfir nóttina. Þar með myndi draga verulega úr þeirri hættu sem helst hefur verið talað um í sambandi við núverandi endamark.

Til að minnka álag í Þingholtunum yrði skemmtiskokkið fært í Vesturbæ og maraþonleið sem áður fór um Bergstaðastræti og Grettisgötu færð austur fyrir Snorrabraut. Þar með væri ekki lengur hlaupið um Þingholtin.

ÍBR tekur undir sjónarmið um mikilvægi aukins öryggis þeirra sem taka þátt í þessum degi. Í því samhengi má nefna það að öryggi hlaupara er sums staðar ekki fullkomið þar sem akandi umferð blandast inn á hlaupaleiðina s.s. í Vesturbænum. Jafnframt er staðan þannig, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, að allt oft er starfsfólk okkar (brautarverðir) að lenda í þeirri stöðu að öikumenn fara ekki að fyrirmælum, virða ekki lokanir og keyra jafnvel á starfsfólkið. Þetta er sannarlega áhyggjuefni og við höfum mikinn áhuga á því að finna leiðir til að draga úr hættu á þessu og vonumst eftir samstarfi við borgaryfirvöld og lögreglu um það.

Með hliðsjón af auknu öryggi í Miðbænum er ÍBR tilbúið að taka þátt í finna endamarki nýjan stað sem væri hugsaður til framtíðar. ÍBR hefur skoðað ýmsar tillögur að nýjum stað til að enda hlaupið sem þó er tiltölulega nærri Miðbænum. Sú tillaga sem hefur fengið bestan hljómgrunn er að færa endamark úr Lækjargötu á Geirsgötu og eins og áður sagði að færa hlaupaleiðir úr Þingholtunum, annarsvegar skemmtiskokk í Vesturbæ og hins vegar maraþonleiðina austur fyrir Snorrabraut.

Mjög mikilvægt er að sú lausn sem horft er á sé til framtíðar því það er gríðarlega kostnaðarsamt að breyta skipulagi og ekki æskilegt að standa í slíku á hverju ári.

Gert er ráð fyrir að rásmark fyrir allar vegalengdir verði eins og verið hefur í Sóleyjargötu. Það þýðir að núverandi hlaupaleiðir um vesturhluta borgarinnar verða óbreyttar sem er mikilvægt því þar hefur skapast áralöng hefð fyrir því að fólk flykkist út á götur til að hvetja hlaupara með tilheyrandi stemningu.

Einnig er gert ráð fyrir að nýta áfram hlaupaleiðir fyrir maraþon í austurhluta borgarinnar auk þess sem Sæbrautin mun áfram vera þýðingarmikill hluti af hlaupaleiðum í heilu og hálfu maraþoni.

Breytingartillögur fylgja hér á eftir:

Endamark úr Lækjargötu í Geirsgötu Hægt að nýta að mestu leyti sömu hlaupaleiðir og áður en búa þarf til lausnir til að koma 42 og 21 í gegnum bæinn og inn á Sæbraut og sömuleiðis að koma þeim vegalengdum í mark úr vestri með því að nota leiðir meðfram höfninni.


Á mynd 1 sést hvernig vegalengdir koma inn í mark í Geirsgötu. Tillaga að leið fyrir 42 og 21 (gult) af Sæbraut fram hjá Hörpu og meðfram höfninni sést einnig. 10 km og skemmtiskokk (appelsínugult) koma í mark úr vestri frá Mýrargötu/Tryggvagötu.

Mynd 2 sýnir tillögu að leið til að koma 21 og 42 í gegnum bæinn og yfir á Sæbraut. Þessi leið væri aðeins í notkun til ca. 11:30.


Eftir að þátttakendur koma í mark væri hægt að nýta Arnarhól til að láta mannfjöldann streyma inn á úr markinu.

Sumir þurfa að sækja sínar eigur í Hljómskálagarð en aðrir dreifast um bæinn.

Mynd 1



Mynd 2



Skemmtiskokk fer úr Þingholtum í Vesturbæ

Til að léttja á Þingholtunum þá er hér að neðan tillaga að leið fyrir skemmtiskokk í Vesturbæ.

Myndir 3 og 4 sýna hugmyndir að leiðum í skemmtiskokki (lengri og styttri leið).

Mynd 3



Mynd 4




Sæbraut og austurhluti borgarinnar

Vegna breytinga á endamarki er nauðsynlegt að snúa 21 og 42 km leið á Sæbraut, myndu fara öfugan hring miðað við það sem hefur verið síðustu ár. Þetta þýðir að Sæbrautin mun þurfa að vera lokuð lengur en verið hefur, væntanlega a.m.k. til kl. 14.

Mynd 5 sýnir leið fyrir 42 frá Sæbraut og yfir að Hlíðarenda. 42 myndu þá fara öfugan hring um austurborgina miðað við það sem verið hefur og enda sitt hlaup á Sæbraut.

Mynd 5



Hér hafa verið útskýrð sjónarmið ÍBR varðandi breytingar á hlaupaleiðum og endamarki. Við höfum líka skoðað að reyna að færa hlaupin frammar á daginn en það þarfnast talsverðrar yfirlegu þar sem verið er að keyra á tiltölulega stuttum tíma margar vegalengdir um götur og gæta þarf þess að hlaupleiðir séu ekki stíflaðar og að álag sé hæfilegt í endamarki á hverjum tíma.

ÍBR telur ávinning vera af því fyrir báðar hátíðir að deila þessum degi ef hægt er að finna góðar lausnir til að láta slíkt ganga upp.

Reykjavík 28.11. 2024

Fyrir hönd ÍBR og Reykjavíkumaraþons

Frímenn Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri